

## Lyf greinist í mjólk frá framleiðanda

Stefna og markmið: Að koma í veg fyrir að innlögð mjólk sé menguð af lyfjaleifum.

Skilgreining á lyfjaleifum: Leifar af lyfjum sem eru skráð með afurðafrestun til matvælaframleiðslu.

Í mjólk eru engar mælanlegar lyfjaleifar leyfðar.

Mælingar og aðferðir:

1. Engar leifar eru leyfðar í mælingu í IDEXX snaptesti og/eða Betastar Combo rapidtest. Til staðfestingar skal notast við Delvotest SP.
2. Öll mjólk af mjólkurbílum er rannsökuð áður en mjólk er losuð í afurðastöð.
3. Ef lyfjaleifar greinast í mjólk á mjólkurbíl, skal rannsaka frá hvaða framleiðanda mengaða mjólkinn kom.

Sviðsmynd:

1. Lyfjamenguð mjólk fer í mjólkurtank.

Viðbrögð:

1. Þegar ráðgjafi mjólkureftirlits fær upplýsingar um að lyfjaleifar hafi greinst, tryggir hann að öllum viðeigandi aðilum verði tilkynnt um atvikið. Viðeigandi aðilar eru starfsmenn Auðhumlu, verkstjórn flutningadeildar MS og gæðastjórar MS.
2. Ráðgjafi mjólkureftirlits fer í heimsókn til framleiðanda ef kostur er. Skýrsla er gerð um orsakir greindra lyfjaleifa. Óheimilt er að senda mjólk í afurðastöð fyrr en örugg víska er um að engar lyfjaleifar mælist í tankmjólkinni. Ef óviðráðanlegar ástæður koma í veg fyrir heimsókn ráðgjafa mjólkureftirlits, þá skal unnið eftir verklagsreglum að öðru leyti.

Greiðslur:

1. Ef lyfjaleifar mælast, kemur til verðskerðingar samkvæmt gildandi flokkunarreglum.

Samskipti frá mjólkureftirlitinu:

1. Ráðgjafi mjólkureftirlits upplýsir framleiðanda um allar niðurstöður.
2. Ráðgjafi mjólkureftirlits upplýsir starfsmenn Auðhumlu, flutningadeild MS/mjólkurbílstjóra og gæðastjóra MS hvort sækja megi mjólk samkvæmt áætlun.